

Verk að vinna IÐNÞING 2012



Aðalfundur Samtaka iðnaðarins verður haldinn 15. mars í Íþrótt- og sýningar-
höllinni Laugardal og hefst klukkan 10.00. Að loknum hádegisverði er opin
dagskrá sem stendur frá klukkan 13.00 en Iðnþingi lýkur um kl. 16.00.

Helgi Magnússon formaður SI flytur ávarp. **Jón Daníelsson**, prófessor við London
School of Economics, **Rannveig Rist**, forstjóri Alcan á Íslandi, **Sigsteinn P.**
Grétarsson, aðstoðarforstjóri Marels, flytja erindi. **Orri Hauksson**, framkvæmda-
stjóri Samtaka iðnaðarins stýrir pallborði.
Fundarstjóri er **Guðrún Hafsteinsdóttir**.

Á þinginu verður fjallað um efnahagsumhverfið, gjaldmiðlavandann og tækifæri
í iðnaði til framtíðar.

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands 2012



hagnýtingarmöguleikar þess væru miklir og það stuðlaði vel að samstarfi háskóla, stofnana og fyrirtækja, auk þess sem sjálfstætt framlag nemenda hefði verið mikið. - Verkefnið er vel unnið, mjög áhugavert og vekur okkur til umhugsunar um lífsgæði aldraðra -.

Um verðlaunin

Nýsköpunarverðlaun forseta Íslands eru veitt árlega þeim námsmönnum, sem hafa unnið framúrskarandi starf við úrlausn verkefnis. Verðlaunin voru fyrst veitt árið 1996 en voru nú veitt í sautjándra sinn. Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin. Samtök iðnaðarins gefa verðlaunin í ár en verðlaunagripinn, Hnall, unnu þau Daníel Hjörtur Sigmundsson og Linda Mjöll Stefánsdóttir úr endurunnu efni. Þá má geta þess að þau Daníel Hjörtur og Linda Mjöll mynda lista- og hönnunarteymið Krukku.

Verkefnið sem hlaut verðlaunin að þessu sinni nefnist Áhættureiknir fyrir hjarta- og kransæðasjúkdóma hjá öldruðum. Höfundur þess er Vilhjálmur Steingrímsson, nemandi í læknisfræði við Háskóla Íslands. Leiðbeinendur hans í verkefninu voru Thor Aspelund og Vilmundur Guðnason hjá Hjartavernd.

Dómnefnd taldi að verkefnið væri búið öllum þeim eiginleikum sem lagðir voru til grundvallar þegar verkefni eru metin. Þannig gæti það leitt til nýsköpunar,



Útboðsþing SI

Verklegar framkvæmdir 2012
Grand Hótel Reykjavík
föstudaginn 2. mars
kl. 13:00 -17:00

Samtök iðnaðarins boða til
árlegs Útboðsþings, þar sem helstu
verkkaupar leggja fram áætlanir sín og
áform um verklegar framkvæmdir.

bls. 2



Alltaf vantar tíma

bls. 3

Í framboði til formanns og stjórnar SI



bls. 4




Food and Fun samningur undirritaður

bls. 6



Átt þú hús eða ertu að byggja

bls. 7



Nýsveinahátíð í Reykjavík

Alltaf vantar tíma

Hjá Samtökum iðnaðarins er höfð í heiðri sú regla að enginn getur setið lengur í senn sem stjórnarmaður eða formaður en 6 ár. Með því er tryggð nauðsynleg endurnýjun og komið er í veg fyrir að stjórnarmenn lendi í þeirri sjálfhældu að trúa því að þeir séu ómissandi og megi ekki hætta vegna þess að engum öðrum sé treystandi. Sá kaleikur er einfaldlega tekinn frá fólki með því að hafa viðmiðun af þessu tagi.

Hér er um góða reglu að ræða og mætti beita henni á ýmsum öðrum sviðum samfélagsins þar sem fólk er gróið við stóla sína tugi ára, oft á tíðum löngu eftir að það hefur nokkuð fram að færa eins og dæmin sýna.

Á þeim 6 árum sem ég hef gegnt formennsku í SI hefur mikið gengið á í þjóðfélaginu. Þegar ég tók við árið 2006 voru enn eftir 2 ár af uppsveiflunni áður en hrúnið brast á. Síðan hefur atvinnulífið barist fyrir endurreisn samfélagsins og talið sig mæta takmörkuðum skilningi stjórnvalda á mikilvægi atvinnusköpunar og fjárfestingar til eflingar iðnaðar og annarrar atvinnustarfsemi. Síðustu þrjú ár hafa einkennst af þessari baráttu, tilraunum til samstarfs við ríkisvaldið og oftast en ekki svikum loforðum. Við gætum verið komin mun lengra á veg í endurreisn ef hér hefði ekki verið fylgt rangri efnahagsstefnu stöðunar og skattþriningar fólks og fyrirtækja.

Þrátt fyrir það hefur margt jákvætt og áhugavert verið að gerast í iðnaðinum. Það höfum við upplifað sterkt á undan-gengnum misserum. Verður vikið að því hér á eftir.

Störfum fækkaði í iðnaði um 17,5%

Lítum fyrst á nokkrar tölulegar staðreyndir um þróun hér á landi frá árinu 2006 til 2012:

Störfum í iðnaði og mannvirkjagerð hefur fækkað á þessum tíma úr 30,800 í 25,400 eða um 17,5%. Fjöldi starfa á vinnumarkaði hefur hins vegar aðeins dregist saman um 2,8%, úr 169,900 í 165,100 þannig að ljóst má vera að iðnaður hefur fengið þungt högg saman borið við aðrar greinar atvinnumarkaðarins.

Atvinnuleysi var 2,5% árið 2006 en er nú 6%, skv. tölum frá Hagstofu Íslands. Atvinnuþátttaka hefur minnkað úr 82,10% í 78,40%. Til viðbótar atvinnuleysinu eru svo glötuð störf á tímabilinu

Helgi Magnússon
formaður SI



vegna þeirra sem flutt hafa úr landi umfram aðflutta. Þá hefur kaupmáttur launa rýrnað því að verðbólga tímabilsins mælist 45% á meðan laun skv. launavísitölu hafa hækkað um 37%.

Landsframléiðsla á föstu verðlagi hefur þó aukist um 1,8% og það gleðilegasta er að útflutningur á föstu verðlagi hefur aukist á þessum 6 árum um 48%. Sú aukning liggur að drjúgum hluta í iðnaði.

Stórt og smátt

Á árunum frá 2006 til 2012 hefur athygli einkum beinst að stórum fyrirtækjum og verkefnum í iðnaði. Á tímabilinu tók Alcoa Fjarðarál til starfa og nú standa yfir miklar framkvæmdir og fjárfestingar hjá álveri Alcan í Straumsvík, þá hafa gagnaver komist í gang, Becromal hóf starfsemi á Akureyri og verksmiðja Actavis var stækkuð um helming í Hafnarfirði.

Margt annað hefur ekki vakið eins mikla athygli en er engu að síður mikilvægt og vel heppnað. Gróska hefur verið í starfsemi sprotafyrirtækja og mikil bylgja er með íslensku handverki og hönnun. Heilbrigðisiðnaður hefur verið að eflast innan SI og til er að verða heilbrigðisklassi sem hefur að markmiði að efla samstarf með auknum tengslum við stjórnvöld, heilbrigðisstofnanir og önnur fyrirtæki á heilbrigðissviði með bættu þjónustu, hagræðingu, verðmætastöðun og útflutning að leiðarljósi.

Mikil gróska er í starfsemi tölvuleikja-iðnaðar á Íslandi og greinin veltir nú um 10 milljörðum króna og veitir 600 manns atvinnu. Ef rétt verður að málum staðið gæti þessi grein skapað 5.000 manns atvinnu eftir 10 ár og 70 milljarða útflutningstekjur á ári.

Íslenskar náttúruvörur eru í sókn og farnar að skapa gjaldyrisktekkjur, íslensk hugbúnaðarfyrirtæki sækja í sig veðrið, Carbon Recycling er hátæknifyrirtæki sem hefur hafið framleiðslu á vistvænu eldsneyti úr koltvísýringsútbæstri og orku frá jarðvarma, ýmis iðnfyrirtæki hafa unnið til alþjóðlegra viðurkenninga fyrir tæknilausnir og við bindum miklar vonir við þann stuðning sem Samtök

iðnaðarins hafa veitt háskólum og öðrum menntastofnunum á undanförunum árum. Við gerum okkur ljóst að menntun er lykill að þeirri þróun sem hér hefur orðið og þarf að eflast enn frekar.

Sem betur fer væri unnt að halda endalaust áfram og það gleður einnig að nýsköpunin fer fram í fyrirtækjum á flestum sviðum, jafnt gömlum sem nýjum, litlum og stórum. Framþróun og kraftur einkenna iðnaðinn almennt séð – þrátt fyrir allt sem á móti hefur blásið.

Forréttindi

Ég lít á það sem mikil forréttindi að hafa átt þess kost að gegna formennsku í Samtökum iðnaðarins og vinna með öllu því góða fólki sem hefur komið þar að verki. Meðstjórnarmenn mínir þessi sex ár hafa verið: Aðalheiður Héðinsdóttir, Hörður Arnarson, Anna María Jónsdóttir, Ingvar Kristinsson, Loftur Árnason, Sigurður Bragi Guðmundsson, Þorsteinn Víglundsson, Tómas Már Sigurðsson, Andri Þór Guðmundsson, Bolli Árnason, Vilborg Einarsdóttir, Sigsteinn P. Grétarsson, Guðrún Hafsteinsdóttir og Kolbeinn Kolbeinsson. Allt hið mesta sómafolk eins og þeir framkvæmdastjórar sem stýrt hafa Samtökunum á þessum tíma: Sveinn Hannesson, Jón Steindór Valdimarsson og Orri Hauksson. Sama gildir um allt starfsfólkið sem stendur sig með þrýði.

Samtökin aldrei sterkari

Samtök iðnaðarins hafa aldrei verið sterkari en nú. Ekki veitir af því verkefni framundan eru ærin.

Þegar ég lýk nú þessum ferli mínum og þakka fyrir samstarfið, velti ég því auðvitað fyrir mér hvort tekist hafi að áorka því sem að var stefnt. Því verður seint svarað því starfið er margt og verkefni taka aldrei endi.

Tíminn til að hrinda góðum málum í framkvæmd er liðinn í minni formannstíð. Eða eins og hagyrðingurinn sagði: „Áfram líður ævin ströng, alltaf vantar tíma.“



Í framboði til stjórnar SI

Kosið er til almennrar stjórnarsetu til tveggja ára í senn. Í ár er kosið um þrjú sæti auk formanns-sætis. Íslenskur iðnaður spurði frambjóðendur um áhugamál þeirra auk þess að grennslast fyrir um ástæðu þess að viðkomandi býður sig fram til stjórnar Samtaka iðnaðarins.

Í kjöri til formanns SI



Haraldur Þór Ólason

f. 11. júlí 1950, Fura ehf.
Ég hef verið virkur í félagsstarfi tengdu iðnaðinum um árabíl. Ég sat í stjórn Meistarafélags iðnaðarmanna í Hafnarfirði (MIH) til margra ára og í síðustu stjórn Landssambands iðnaðarmanna. Í stjórnartíð minni var ég hvatamaður að samruna hagsmunafélaga í iðnaði og tók virkan þátt í undirbúningi og stofnun Samtaka iðnaðarins árið 1992. Ég hef setið í stjórn Sameinaða lífeyrissjóðsins fyrir hönd SI í sex ár og var formaður stjórnar um tíma. Ég stofnaði fyrirtæki mitt, Furu ehf., fyrir þrjátíu árum. Í upphafi var starfsvettvangurinn mannvirkjagerð en breyttist síðar í endurvinnslu hrávara og útflutning. Fura ehf. stendur traustum fótum og er með 30 starfsmenn. Næsta kynslóð hefur að mestu tekið við rekstrinum sem gefur mér svigrúm til að taka að mér krefjandi verkefni sem formaður Samtaka iðnaðarins. Samhliða rekstri Furu hef ég látið til mín taka í sveitarstjórn málum í bæjarfélagi mínu, Hafnarfirði. Ég var bæjarfulltrúi í átta ár og sat í ýmsum nefndum og stjórnum á vegum bæjarfélagsins.



Svana Helen Björnsdóttir

f. 20. desember 1960, Stiki ehf.
Ég er verkfræðingur og rekstur eigin hátæknifyrirtækis í 20 ár hefur kennt mér margt um íslenskan iðnað og rekstrarskilyrði hans hér á landi. Í samstarfi við innlenda og erlenda aðila hefur mér læst að það eru mörg tækifæri til nýsköpunar og verðmætasköpunar í íslenskum iðnaði. Sem formaður SI mun ég beita mér fyrir því að íslenskum fyrirtækjum séu tryggð samkeppnishæf rekstrarskilyrði í alþjóðlegum samanburði. Ég vil að samtökin séu virk í mótun atvinnustefnu til langs tíma og stuðli að jafnræði atvinnugreina. Menntakerfið þarf að slá taktinn með atvinnulífínu. Ég vil sjá nýsköpun sem víðast og þvert á hefðbundnar atvinnugreinar með þátttöku erlendra fjárfesta. Skapa þarf vel launuð störf til langframa. Mikilvægt er að fyrirtækjum í alþjóðlegum vexti sé gert kleift að hafa höfuðstöðvar sínar á Íslandi. Bæta þarf hagtolugerð um íslenskan iðnað með það fyrir augum að greina betur verðmætasköpun og útflutning. Þá þarf að straumlínulaga stuðningsumhverfi nýsköpunar betur. **Áhugamál:** Nýsköpun, frumkvöðlafræði, íþróttir og argentínskur tangó.

Í kjöri til stjórnar SI



Bolli Árnason

f. 25. desember 1959, GT Tækni ehf.
Ég hef áhuga á að beita mér til hagsbóta fyrir iðnaðinn og atvinnulífnið í heild. Ég vil tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum starfsumhverfi sem gerir þeim kleift að standast alþjóðlega samkeppni, efla verk- og tæknimenntun, hlúa að sprotafyrirtækjum, auka framleiðni með gæðastjórnunarkerfum og halda áfram að styðja það góða starf sem unnið er á ýmsum sviðum innan Samtaka iðnaðarins. **Áhugamál:** Skokk, almenn útivist og stangveiði.



Hilmar V. Pétursson

f. 14. júlí 1973, CCP hf.
Í gegnum störf mín hjá CCP í alþjóðlegu samkeppnisumhverfi hef ég kynnst þeim leiðum sem aðrar þjóðir hafa farið til að yta undir sprotaíðnað og hvetja til nýsköpunar. Síðustu 5 ár hef ég komið að starfi Samtaka iðnaðarins á margvíslegan hátt. Ég hef setið í stjórn fyrirtækja á sviði upplýsingatækni, starfað með sprotafyrirtækjum, er nýkjörinn formaður SUT og komið að stofnun Samtaka leikjafyrirtækja innan SI. Þessi ár hafa verið lærdómsrík og mér hefur þótt gefandi að miðla þeirri þekkingu sem ég hef öðlast hjá CCP. Nú langar mig að taka næsta skref og bjóða fram krafta mína í stjórn SI. **Áhugamál:** Tölvuleikir, ljósmyndun og stangveiði.



Vilborg Einarsdóttir

f. 31. desember 1967, Mentor ehf.
Ég hef setið í stjórn SI undanfarin tvö ár. Ég óska eftir stuðningi til stjórnarsetu annað tímabil til. Ég er framkvæmdastjóri Mentors, fyrirtækis sem er í örur vexti á erlendum mörkuðum. Styrkur Mentors liggur í sterkum heimamarkaði en tækifæri okkar erlendis byggja m.a á íslenski tækniþekkingu og hugviti. Ég vil nýta reynslu mína og þekkingu til að vinna áfram að eflingu íslensks iðnaðar enda eru mörg spennandi tækifæri til staðar fyrir íslensk fyrirtæki bæði hér heima og erlendis. **Áhugamál:** blak, líkamsrækt og samvera með fjölskyldunni.



Halldór Einarsson

f. 23. desember 1947, Henson.
Ég hef notið þeirrar ánægju að reka iðnfyrirtækið HENSON í yfir fjörutíu ár þar sem hráefni er umbreytt í söluvöru. Hver dagur er áskorun og vöruþróun stöðug og spennandi. Með framboði mínu til stjórnar SI vil ég miðla viðhorfum þeirra sem starfa í meðalstóru fyrirtæki á opnum markaði. Að undanförunu hefur mikil áhersla verið lögð á fjárfestingar í stóriðju en menn gleyma því gjarnan að 95% fyrirtækja eru lítil og meðalstór. Innan slíkra fyrirtækja eru nýsköpun, fjárfestingar og ný störf sá slagkraftur sem atvinnulífnið þarf á að halda. **Áhugamál:** vinnan, íþróttir, listmálun og tónlist.



Sigsteinn P. Grétarsson

f. 08. nóvember 1966, Marel á Íslandi
Ég býð mig fram til áframhaldandi setu í stjórn SI. Ég hef 20 ára reynslu af stjórnunarstörfum á Íslandi, í Þýskalandi, Danmörku og Ástralíu. Sprotafyrirtæki eru mikilvæg uppspretta verðmætasköpunar Íslands í framtíðinni. Ég tel að reynsla Marel í uppbyggingu hátækniíðnaðar og í alþjóðavæðingu geti nýst íslenskum sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Samtök iðnaðarins eru góður vettvangur til þess að miðla þeirri reynslu. Mikilvægustu verkefni Samtaka iðnaðarins er að tryggja íslenskum iðnfyrirtækjum viðunandi starfsumhverfi til verðmætasköpunar. **Áhugamál:** Fritíma minn nota ég í samverustundum með fjölskyldunni og þá helst á skíðum og útivist í íslenski náttúru.

Samningar undirritaðir um Food & Fun hátíðina í Reykjavík



Icelandair annars vegar og Reykjavíkurborg hins vegar hafa gert þriggja ára samning við Samtök iðnaðarins um rekstur Food & Fun hátíðarinnar.

Þá hafa SI og viðburðafyrirtækið Main Course ehf. undirritað samning um að þeir síðarnefndu hafi umsjón með verklegum hluta hátíðarinnar ásamt verkfnastjóra.

Með þriggja ára samningi þessara aðila er lagður traustur grunnur að því að þróa og efla þessa árlegu matarhátíð sem hefur fyrir löngu skipað sér fastan sess í menningarlífi Reykjavíkurborgar.

Helgi Már Björgvinsson, framkvæmdastjóri sölu- og markaðssviðs Icelandair, Einar Örn Benediktsson, formaður menningar- og ferðamálaráðs Reykjavíkurborgar og Orri Hauksson, framkvæmdastjóri SI skrifuðu undir samningana í Ráðhúsi Reykjavíkur í dag.

Food & Fun 2012 verður haldin í Reykjavík dagana 29. – 4. mars, en þetta er í 11 sinn sem hátíðin er haldin.

Hátíðin í ár verður sú umfangsmesta til þessa en 16 veitingahús taka á mót

erlendum matreiðslumeisturum og fjöldi erlendra blaðamanna hefur aldrei verið meiri.

Veitingastaðirnir bjóða fjögurra rétta sælkeramáltíð eins og undanfarin ár á sama verði á öllum stöðum. Þrátt fyrir miklar verðhækkningar á hráefniskostnaði helst verðið óbreytt frá síðustu árum. Miðvikudags-, fimmtudags- og sunnudagskvöldið kostar matseðillinn 6.900 kr. en föstudags- og laugardagskvöld 7.400 kr.

Árlega er keppt um "Food & Fun Chef of the Year" verðlaunin sem eru orðin vel þekkt og eftirsóknarverð í sælkerameinnum. Keppnin, þar sem þrír efstu kokkarnir etja kappi, verður haldin í Hörpunni laugardaginn 3. mars. Hún verður með nýstárlegu sniði í ár þar sem almenningi gefst kostur á að fylgjast með meisturunum elda úr fyrirfram ákveðnu hráefni sem valið er fyrir þá.

Allar nánari upplýsingar á www.facebook.com/foodandfunfestival og www.foodandfun.is

Lítill breyting á viðhorfi til ESB aðildar



Ný könnun Capacent Gallup fyrir Samtök iðnaðarins um viðhorf til til aðildar að Evrópusambandinu og aðildarviðræðna gefur til kynna að 56,2% séu andvígir aðild en 26,3% hlynnt. Þessar tölur eru svipaðar og hafa komið fram í sambærilegum könnunum fyrir samtökin 2011 og 2010.

Þegar spurt var út í viðhorf til aðildarviðræðna kemur í ljós að 43,6% eru fylgjandi því að íslensk stjórnvöld dragi umsókn til baka en 42,6% andvíg. Munurinn er ekki tölfræðilega marktækur.

Mikil áhersla var lögð á vandaða framsetningu spurninga. Þannig var bæði spurt hvort viðkomandi væri fylgjandi eða andvígur að draga umsókn til baka og hins vegar hvort viðkomandi væri fylgjandi eða andvígur að ljúka aðildarviðræðum.

Samtök iðnaðarins hafa kannað hug til aðildar að Evrópusambandinu reglulega frá árinu 2000. Nýja könnunin og eldri kannanir má finna á www.si.is.

Jóna Hrönn fékk afhenta Köku ársins 2012

Landssamband bakameistara hefur fyrir síð að afhenda einni verðugri konu Köku ársins um leið og hún er kynnt í bakaríum í febrúar ár hvert. Að þessu sinni varð fyrir valinu Jóna Hrönn Bolladóttir, sóknarprestur í Vídalínskirkju. Hún hefur sinnt óeigingjörnu starfi í þágu barna og ungmenna um árabíl og komið víða við í störfum sínum.

Að sögn Jónu Hrannar eru prestar miklir sérfræðingar í tertum enda boðnir í margar veislur. Hún segir að í guðfræðideildinni hafi verið grínast með það að bjóða þyrfti upp á námskeið í tertuskurði þar sem prestinum er oft boðið fyrstum



að veisluborðinu og þarf því að kunna að skera tertur fallega. Hún telur mikilvægt að gera sér dagamun og veislur með góðum veitingum séu sérlega vel til þess

fallnar að boða kærleika og trú því þar myndast samfélag gleðinnar og hjörtu fólks eru opnari en á öðrum stundum. Kristur var duglegur að mæta á mannamót og veislur því að hann þekkti leiðina að hjörtum fólks. Jóna Hrönn segist alltaf vera að reyna að draga úr sykurneyslu en svo þurfi að vera góðir nammidagar á milli og þá sé ekki slæmt að velja eðlertu, hvað þá verðlaunartertu.

Kaka ársins inniheldur meðal annars ljúffenga Freyju karamellu, hnetur og súkkulaði og er komin í bakarí um land allt.

Upplýsinga- tækni og efnahags- lífið



Þrátt fyrir djúpa kreppu síðustu ár verður ekki litið framhjá þeirri mikilvægu staðreynd að hagþróun hér á landi undanfarna áratugi hefur að jafnaði verið mjög jákvæð. Vissulega hafa skipst á skin og skúrir en meðalhagvöxtur hefur numið 3,7% síðan árið 1960. Samspil fjölmargra þátta hefur komið okkur ofarlega á lista þjóða sem búa við hvað mesta efnahagslega velmegun. Í því samhengi hefur þó sjaldnast verið talað um upplýsingatækni og getu okkar til að tileinka okkur nýja tækni. Staðreyndin er raunar sú að verulegur hluti efnahagslegra framfara í þróuðum ríkjum felst einmitt þessu – að nota margvíslega tækni. Þar gegnir upplýsingatækni mikilvægu hlutverki.

Nýting náttúruauðlinda hefur löngum verið ein af undirstöðum íslensks efnahagslífs og verður áfram að verulegu leyti. Á því sviði eru okkur hins vegar sett takmörk sem rekja má til náttúru landsins því að. Fiskurinn í sjónum er takmörkuð auðlind sem og geta okkar til að framleiða raforku. Auk þess er þjóðin fámenn og atvinnuþróun og uppbygging atvinnulífsins hljóta að taka mið af því.

Til lengdar hljóta mikilvægustu tækifæri okkar að felast í að auka færni, styrk og framleiðslugetu hvers vinnandi manns til að unnt sé að skapa meiri verðmæti á hverja vinnustund. Það er raunar lán í óláni að Íslendingar eru frekar aftarlega á merinni hvað varðar slíkan alþjóðlegan samanburði.

Þrátt fyrir mikla hagsæld mælumst við undir meðaltali OECD ríkja hvað það varðar. Háu framleiðslustigi og tilsvareandi hagsæld náum við einkum með löngum vinnudegi og iðjusemi. Hagvöxtur næstu ára verður tæpast sóttur í þann brunn.

Aukin framleiðni hlýtur að verða lykilmálinn að hagvexti framtíðarinnar. Ótal leiðir liggja að því marki en þær eru einkum af tvennum toga. Í fyrsta lagi verða innviðir samfélagsins að vera til þess fallnir að styðja við aukna framleiðni. Með því er m.a. átt við almennt menntastig, tölvu-

og tækniþekkingu og tæknilega innviði. Að mörgu leyti stöndum við vel að vígi hvað þetta atriði varðar en ekki öllu. Vissulega er þjóðin þökkalega menntuð en alltof hátt hlutfall þjóðarinnar hefur enn aðeins aflað sér grunnmenntunar og verulegur skortur er á starfsfólki með margvíslega sérþekkingu, einkum í tölvutækni.

Hinn þátturinn snýr frekar að atvinnustefnu og atvinnuþróun. Hvort tveggja þarf í auknum mæli að beinast að þeim greinum atvinnulífsins sem búa yfir mestum vaxtarmöguleika í ljósi þeirra náttúrulega takmarkana sem við stöndum frammi fyrir á öðrum sviðum. Í þessu felast engin áform um að hverfa frá þeim atvinnuháttum sem einkennt hafa íslenskt efnahagslíf til þessa. Hefðbundinn iðnaður, sjávarútvegur og ferðaþjónusta verða eftir sem áður afar veigamiklar í þjóðarbúskapnum. Mikilvægt er að beina kröftum að mannaútsfrekum atvinnugreinum.

Skynsamleg rök mæla með þessu. Í rannsóknnum á þróun bandaríks hagkerfis á árunum 1995-2007 komust fræðimenn að því að tveir þriðju hlutar aukinnar framleiðni á þessu tímabili áttu sér stað vegna aukinnar notkunar upplýsingatækni. Kröftugur upplýsingatækni-iðnaður í bland við þekkingu til að nýta tæknina stuðlar þannig að því að auka framleiðslu á hvern vinnandi mann.

Líkur eru á að framleiðnivöxtur hér á landi undanfarna ár hafi ekki orðið til í jafn ríkum mæli og í Bandaríkjunum með aukinni notkun upplýsingatækni.

Íslenskt atvinnulíf hefur mikið svigrúm til að auka verðmætasköpun á hverja framleidda vinnustund. Til lengdar felast hagvaxtartækifæri okkar í aukinni framleiðni og bættri nýtingu starfsfólks. Aukin áhersla á menntun í tækni- og hugverkagreinum og frekari sókn í upplýsingatækni styður einstaklega vel við slíkar hugmyndir.

Lög um svæðisbundna flutningsjöfnun



Nú um áramótin tóku gildi lög um svæðisbundna flutningsjöfnun. Markmið laganna er að styðja við framleiðslu- og atvinnuuppbyggingu á landsbyggðinni með því að jafna flutningskostnað framleiðenda sem staðsettir eru fjarri innanlandsmarkaði eða útflutningshöfn og búa við skertari samkeppnisstöðu vegna hærri flutningskostnaðar en framleiðendur staðsettir nær markaði.

Styrksvæðin teljast þau svæði sem heimilt er að veita byggðaaðstoð skv. byggðakorti og skiptast í tvö svæði:

Svæði 2: Árneshreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Kaldararneshreppur, Reykhólahreppur, Strandabyggð, Súðavíkurbær, Tálknafjarðarhreppur, Vesturbýggð, Norðurþing, Svalbarðshreppur, Langanesbyggð og Vopnafjarðarhreppur.

Svæði 1: Önnur sveitarfélög en þau sem tilgreind eru sem svæði 2, að undanskildu Reykjavík, Kópavogsbæ, Seltjarnarneskaupstað, Garðabæ, Hafnarfjarðarbær, Álftanes, Mosfellsbær og Kjósarhreppur.

Flutningsjöfnunarstyrkur reiknast sem hlutfall af flutningskostnaði að teknu tilliti til annarra styrkja sem veittir eru. Ekki eru greiddir flutningsjöfnunarstyrkir ef lengd ferðar er innan við 245 km.

Framleiðandi á svæði 1 fær 10% endurgreiðslu af flutningskostnaði ef lengd ferðar er a.m.k. 245 km. Framleiðandi á svæði 2 fær 10% endurgreiðslu af flutningi á vörum ef lengd ferðar er 245 – 390 km en 20% ef lengd ferðar er meiri en 390 km.

Styrkirnir greiðast úr ríkissjóði. Sækja þarf um flutningsjöfnunarstyrki til efnahags- og viðskiptaráðuneytisins. Ekki er sett neitt lágmark á styrkfjárhæð.

Lögin gilda fram til loka árs 2012. Skv. frumvarpi til laganna mun fara fram endurskoðun á lögnum með tilliti til nýs byggðakorts og nýrra útreikninga á flutningskostnaði áður en lögin falla úr gildi.

Sjá nánar á www.si.is.

Átt þú hús eða ertu að byggja?



Ferdinand Hansen
verkefnastjóri gæðastjórnunar SI

Undanfarin 15 ár hafa verið í gildi lög og reglur hér á landi þess efnis að byggingavörur á markaði fullnægi tilteknum lágmarksskilyrðum hvað varðar gæði og hæfni til að standast kröfur um öryggi, heilbrigði og umhverfi. Kröfurnar eru skilgreindar í íslenskum/evrópskum stöðlum sem fjalla um framleiðsluferli, prófanir og ýmislegt fleira sem á að tryggja lágmarks gæði vegna ætlaðra nota.

Ný lög um mannvirki og ný byggingareglugerð taka á þessum málum með tilvísun í reglugerð um viðskipti með byggingavörur. Tilteknar vörur skulu vera CE merktar til að bjóða megi þær til sölu í verslunum hjá heildsölum og framleiðslufyrirtækjum.

Eigendur mannvirkja bera mikla ábyrgð

Húseigendur bera mikla ábyrgð á að notuð sé byggingarvara sem hæfir og stenst kröfur um öryggi, heilbrigði og umhverfi þegar þeir velja byggingarefni í hús sín og vörur til að halda þeim til.

Í grein 5.1.4. nýrrar byggingareglugerðar stendur m.a.:

„Byggingavörur til notkunar í eða við mannvirkjagerð skulu uppfylla skilyrði 39. gr. laga um mannvirki, reglugerðar þessarar og reglugerðar um viðskipti með byggingarvörur. Eigandi mannvirkis ber ábyrgð á að við byggingu þess og rekstur sé einungis notuð byggingarvara sem uppfyllir þau ákvæði sem greinir í 1. mgr.“

Þegar nýbygging á í hlut, er brýnt að þú, sem eigandi, vandir val á byggingarstjóra sem faglegum fulltrúa þínunum vegna verksins.

Hvað er þá CE merkt byggingavara

Þritugasta og níunda grein mannvirkjalaga krefst þess að byggingavörur á markaði séu CE merktar. Hvað er byggingavara á markaði og hvað er CE merking?

Samkvæmt Reglugerð 431/1994 um viðskipti með byggingarvörur er skilgreining á vöru eftirfarandi:

„Byggingavara: Vara sem er framleidd með það fyrir augum að hún verði varanlegur hluti af hvers konar byggingaframkvæmdum, í reglugerð þessari einnig nefnd „vara“.

Byggingavara á markaði er vara sem getur skipt um hendur, það er, farið frá framleiðanda, til heildsala, smásala og endanlegs notanda án þess að vera ætlað tiltekið hlutverk í tilteknu mannvirki. Þarna má m.a. nefna einangrun, lagnaefni, rotþrær og ýmiss konar klæðningarefni.

Til að eigandi mannvirkis, eða byggingastjóri sem fulltrúi hans, geti metið hvort tiltekin vara hentar við tilteknar aðstæður þarf tæknilýsing að fylgja vörunni. Þolir lagnaefnið það hitastig sem þörf krefur? Hefur einangrunin einangrunargildi samkvæmt kröfum byggingareglugerðar? Þolir glugginn íslenskt slagveður? Þannig mætti áfram spyrja.

Mikilvægt er að tæknilýsingar sem fylgja vörum séu réttar og sannar.

Ef um er að ræða vöru, sem vegna galla eða með rangri notkun, getur skaðað heilsu eða ógnað öryggi okkar samborgaranna krefjast lögin þess að framleiðandinn gefi út yfirlýsingu og hafi undir

höndum staðfestingu viðurkennds aðila um að viðeigandi tæknilýsing sé sönn og rétt og fullnægi kröfum tilskilins staðals.

Framleiðanda ber að auðkenna slíkar vörur með CE merki til að sýna fram á að þær hafi staðist tiltekin framleiðslu- og vottunarferli.

Saltmálið svokallaða ætti að vera flestum í fersku minni. Þar var krafist að hráefni til manndis væri merkt sérstaklega til að staðfesta að það hefði farið í gegnum tiltekið framleiðsluferli og staðist tilteknar kröfur. Nákvæmlega það sama er upp á teningnum þegar í hlut eiga hráefni (byggingavörur) sem ætlaðar eru í mannvirki og geta valdið tjóni vegna galla eða rangrar notkunar.


Óhætt er að fullyrða að á innlendum markaði er mikið um vörur sem eru sambærilegar iðnaðarsaltinu góðkunna. Þær eru hugsanlega í lagi en ef til vill ekki. Lítið sem ekkert eftirlit er með slíkum vörum, almenn þekking enn minni og eftirlit og eftirfylgni yfirvalda og eftirlitsaðila lítil sem engin.

Sem betur fer olli iðnaðarsaltið ekki heilsutjóni og vonandi sleppum við jafn vel hvað varðar vafasamar byggingavörur en þó má benda á ýmis dæmi þar sem verulegir fjármunir hafa glatast vegna þess að ekki var farið að lögum hvað varðar viðskipti með byggingarvörur.

CE merkið

CE merkið ábyrgist að tæknilegar upplýsingar frá framleiðanda séu réttar, þannig að eigandi mannvirkis, hönnuður, eftirlitsaðili, byggingarstjóri eða iðnmeistari getur metið hvort varan fullnægir kröfum um skilyrta eiginleika.

CE merkið er ekki vottun heldur fær framleiðandi vöru, heimild, frá þar til bærum aðilum til að nota það til að staðfesta að viðkomandi vara fullnægi skilyrðum sem eru skilgreind í lögum, reglugerðum og stöðlum.



Nýsveinahátíð Iðnaðarmannafélagsins í Reykjavík



Föngulegur hópur nýsveina

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík hélt sjöttu verðlaunahátíð sína til heiðurs 23 nýsveinum sem luku burtfararprófi í iðngreinum með afburðaárangri 2011. Hátíðin var í Tjarnarsal Ráðhússins í Reykjavík laugardaginn 4. febrúar.

Undanfarin fimm ár hefur IMFR heiðrað 78 nýsveina úr 21 iðngrein frá 12 verkmenntaskólum. Verðlaunahafar 2012 eru 23 úr 10 iðngreinum úr átta verkmenntaskólum.

Rafvirkjun, Dagur Hilmarsson, Sigurgísli Jónasson, Ágústa Ýr Sveinsdóttir, Þóra Björk Samúelsdóttir

Vélvirkjun, Smári H. Ragnarsson, Tyrfirgur Sveinsson

Rafeindavirkjun, Kristján Bjarki Purkhus, Hörður Vilberg Harðarson, Hermann Þór Gíslason, Sýlvía Dagsdóttir, Flóki Sigurðarson

Grafísk miðlun, Einar Þór Guðmundsson, George Kristófer Young, Fanney Einarssdóttir

Snyrtifræði, Sandra Ösp Konráðsdóttir, Ólína Björk Hjartardóttir

Rennismiði, Finnur Einarsson, Guðmundur Hinrik Gústavsson

Íslenskur iðnaður

Fréttablað Samtaka iðnaðarins
02. tbl. 18. árg. Febrúar 2012
ISSN 1022-7741

Fór í prentsmiðju: 24.02.2012
Prentvinnsla: Prenttækni hf.
Plastpökkun: Bjarkarás
Ljósmyndir: Odd Stefán
Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35,
105 Reykjavík, sími: 591 0100, fax: 591 0101
Kennitala: 511093-2019
www.si.is, netfang: ritstjorn@si.is
Ábyrgðarmaður: Orri Hauksson
Ritstjóri: Raket Pálsdóttir
Prófaralestur: Raket Pálsdóttir
Umbrot: Þóra Ólafsdóttir

Fjölmíðlum er frjálst að nota ritað efni úr Íslenskum iðnaði í heild sinni eða að hluta. Fjölmíðlamenn eru vinsamlegast beðnir að geta heimildir í slíkum tilvikum.

Matreiðsla, Nanna Sigurðardóttir
Múrsmíði, Kristján Benjamínsson
Framreiðslu, Stefánía Höskuldsdóttir
Kjötiðn, Grétar Þór Björnsson, Grétar Mar Axelsson

Jafnframt viðurkenningum nýsveina var Ragnar Axelsson, ljósmyndari, tilnefndur og heiðraður sem iðnaðarmaður ársins.

Veitt var viðurkenning fyrir samstarf hönnuða og framleiðenda. Hana hlutu fyrirtækin GO Form Design Studio og Brúnás Innréttingar.

Háskólinn í Reykjavík bauð þremur nýsveinum til náms með niðurfellingu skólagjalda á haustönn 2012. Guðrún Arnbjörg Sævarsdóttir, forseti tækni- og raunvísindadeildar HR afhenti eftirtöldum nýsveinum styrkina: Ágústu Ýr Sveinsdóttur, Smára H. Ragnarssyni og Finni Einarssyni.

Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Gríms-

son, er verndari hátíðarinnar. Mennta- og menningarmálaráðherra og borgarstjórnin í Reykjavík ávörpuðu nýsveina og gesti. Víkingur Heiðar Ólafsson og Flensborgarkórinn fluttu tónlist.

Iðnaðarmannafélagið í Reykjavík var stofnað 1867 og fagnar nú 145 ára afmæli. Tilgangur þess frá upphafi er að „efla menningu og menntun iðnaðarmanna og styrkja stofnanir sem starfa í þeirra þágu“.

Iðnaðarmannafélagið stóð fyrir stofnun Iðnskólans í Reykjavík 1904 og er nú einn af hluthöfum Tækniskólans – skóla atvinnulífsins. Félagið reisti Iðnó 1896, stóð fyrir fyrstu iðnsýningunni 1883, gaf þjóðinni stytta Ingólfs Arnarsonar á Arnarhóli 1924 – svo fátt eitt sé nefnt. Félagið er aðili að Verkiðn sem stendur fyrir Íslandsmóti iðn- og verkgreina og haldið verður í Háskólanum í Reykjavík 9. og 10. mars.



Ragnar Axelsson heiðursiðnaðarmaður IMFR 2012



Hönnuðir og framleiðandi ársins - fyrirtækin GO Form Design Studio og Brúnás Innréttingar

NÝIR KRAFTAR

– ÖFLUGRA ATVINNULÍF

Nú eiga fyrirtæki þess kost að bæta við sig starfsfólki úr röðum atvinnuleitenda og fá hluta launakostnaðar endurgreiddan.

Þú getur:

1.

Ráðið starfsmann sem hefur verið án vinnu í 12 mánuði eða lengur og fengið **167.176 kr.** á mánuði í styrk upp í kjarasamningsbundin laun, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Tímalengd ráðningarstyrks getur verið allt að 12 mánuðir.

2.

Ráðið starfsmann sem hefur verið án vinnu skemur en 12 mánuði og fengið allt að 6 mánaða styrk upp í kjarasamningsbundin laun, auk 8% framlags í lífeyrissjóð. Styrkurinn miðast við bótarétt starfsmannsins.

VINNANDI VEGUR er sameiginlegt átak samtaka atvinnurekenda, sveitarfélaga, stéttarfélaga og ríkisins. Ávinningur allra er hafður að leiðarljósi: Um leið og atvinnurekendur er gert kleift að nýræða starfsfólk er atvinnuleitendum gefið tækifæri til þátttöku í atvinnulífnum.

Með þátttöku í **VINNANDI VEGU** eiga atvinnurekendur kost á styrk með ráðningu nýrra starfsmanna úr hópi atvinnuleitenda. Átakið beinir sjónum sérstaklega að einstaklingum sem hafa verið án vinnu lengur en 12 mánuði.

Átakið stendur eingöngu frá 15. febrúar til 31. maí.

Nánari upplýsingar á www.vinnumalastofnun.is/vinnandivegur



VINNANDI

VEGUR >>